

UNGT FÓLK 16-25 ÁRA Í KÓPAVOGI

Tillögur um áherslur og aðgerðir til 2030
maí 2020



Inngangur

Kópavogur er um 38300 manna bæjarfélag. Íbúum hefur fjölgað hratt undanfarin ár og fjölbreytileiki íbúa að sama skapi. Íbúar á aldrinum 16-25 ára eru um 5000 í bæjarfélaginu eða rúmlega 13% að heildaríbúafjölda.

Í framtíðarsýn bæjarfélagsins til ársins 2030 er lögð áhersla á að Kópavogur verði þekktur fyrir framúrskarandi þjónustu, að vel sé hugað að líðan, heilsu og velferð íbúa á öllum aldri, að íbúar hafi áhrif á eigin mál, og að bæjarfélagið verði í fararbroddi þegar kemur að sjálfbærni og nýsköpun.

Framtíðarsýnin byggir á yfirmarkmiðum í stefnu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar þar sem fyrst verður lögð er áhersla á 36 af 169 undirmarkmiðum Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þjónusta við ungt fólk 16-25 ára í Kópavogi er vel til þess fallin að ná fram fjölmörgum af þessum markmiðum. Kópavogur hefur einnig samþykkt að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem felur m.a. í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna.

Tilgangur vinnu

Í framhaldi af umræðu innan ungmennaráðs Kópavogs í byrjun árs 2019 um aðgengi að þjónustu og áherslur í starfi Molans ungmennahúss var skipaður vinnuhópur til að rýna núverandi starfsemi Molans og móta tillögur að framtíðarstarfi hússins í þeim tilgangi að tryggja að starfsemin mæti þörfum ungs fólks 16-25 ára. Hópnum var einnig falið að rýna aðra þjónustu við ungt fólk í bæjarfélaginu og koma með tillögur að áherslum til framtíðar. Áhersla var lögð á að Heimsmarkmið Sp og markmið Barnasáttmálans endurspegluðust í tillögunum.

Í vinnuhópum voru:

- Frá Ungmennaráði Kópavogs, *Katrín Rós Þrastardóttir, Gunnlaugur Ernir Ragnarsson, Oskar Einar Bekowski*
- Forstöðumaður Molans, *Andri Þór Lefever*
- Deildarstjóri frístundadeildar, *Amanda K. Ólafsdóttir*
- Verkefnastjóri Barnasáttmála og lýðheilsumála, *Anna Elísabet Ólafsdóttir*
- Fulltrúi velferðarsviðs, *Eva Björg Bragadóttir*
- Tengiliðir bæjarstjórnar við ungmennaráð, *Hjördís Ýr Johnson, Theodóra Sigurlaug Þorsteinsdóttir*

Með vinnuhópnum starfaði María Kristín Gylfadóttir, verkefnisstjóri innleiðingar Heimsmarkmiða Sp á menntasviði.

Vinnuferlið

Vinnuhópurinn hittist á 9 fundum. Í vinnuferlinu var núverandi aðstaða fyrir ungt fólk 16-25 ára til fræðslu- og tómstundastarfs, list- og menningarsköpunar og til nýsköpunarstarfs rýnd. Vinnuhópurinn rýndi einnig þjónustuframboð Molans heimsótti ungmennahús í Hafnarfirði, Reykjavík og Mosfellsbæ, Fjölsmiðjuna og Vinnumálastofnun, safnaði saman tölfræði, kannaði þarfir ungs fólks með tilliti til aðstöðu og þjónustu í gegnum sérstakt vefumræðuborð leitt af fyrirtækinu Maskínu, og skoðaði leiðir til að mæta þörfum með sérstökum hugarflugsfundi með ungu fólki, starfsfólki bæjarins og helstu hagsmunaaðilum.

Við mótnun tillagna lagði vinnuhópurinn áherslu á að skoða:

- Hvaða aðstaða og þjónusta er í boði fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára í Kópavogi?
- Hvernig samvinnu er háttað í dag, annars vegar á milli stofnana bæjarins, og hins vegar á milli stofnana og félagasamtaka, fyrirtækja, skóla, fagaðila eða annarra hagsmunaaðila?
- Hvaða leiðir eru færar til að bæta þjónustu Molans innan núverandi fjárhagsramma starfseminnar?
- Á hvaða sviðum væri hægt að auka samstarf og áherslur í þjónustu við ungt fólk?

Niðurstöður vefumræðuborðs - almennt þátttakendur samtals 16-25 ára. Svör 37

- Á meðan flestir svarið telja Kópavogsbæ almennt standa sig vel í að þjónusta ungt fólk hafa þeir oft **ekki mikla þekkingu á eðli þjónustunnar**.
- Algengast var að svarið vildu **aukið aðgengi að aðstöðu til að hittast**, halda veislur, sýningar og til íþróttaiðkunar en **aukið aðgengi að ódýrri sálfræðiþjónustu var sú þjónusta sem svarið töldu mesta þörf á** (einnig mikilvægasta þjónustan).
- Í hugum svaraðna þarf að **efla fræðslu og ráðgjöf fyrir ungt fólk** um lífstengd málefni, fjármál, atvinnu og nám.
- **Auglýsa þarf betur og kynna þjónustu** Kópavogsbæjar við ungt fólk.
- Svarið lögðu mikla áherslu á að þeir yrðu hafðir með í ráðum við mótn þjónustu fyrir ungt fólk og að **tekið yrði mark á skoðunum þeirra**.



KÓPAVOGUR
VEFUMRÆÐUBORÐ – UNGT FÓLK Í KÓPAVOGI
FEBRÚAR 2020

Niðurstöður vefumræðuborðs - Molinn


- **Fáir aðrir en notendur þjónustu Molans þekkja til þjónustunnar og hafa nýtt sér hana.** Flestir voru þó sammála um mikilvægi starfseminnar fyrir ungt fólk.
- Almennt voru svarendur, bæði þeir sem hafa nýtt sér þjónustu Molans og ekki, á því að **Molinn sé fyrir alla en henti best fyrir skapandi einstaklinga og þá sem eiga erfitt félagslega.**
- **Notendur voru almennt ánægðir með starfsfólk Molans og sögðu starfsemina hafa hjálpað sér í félagslegum þroska og við að mynda tengsl við jafnaldra með sömu áhugamál.**
- Flestir töldu að hægt væri að efla starfsemi Molans með aukinni þátttöku.




KÓPAVOGUR
VEFUMRÆÐUBORÐ – UNGT FÓLK Í KÓPAVOGI
FEBRÚAR 2020

Niðurstöður hugarflugsfundar, 4 mars 2020

Rúmlega 30 hagsmunaaðilar tóku þátt. Unnið var útrá þörfum ungs fólks sbr. vefumræðu og ræddar leiðir til að mæta þeim. Hér má finna dæmi um úrvinnslu úr tveimur áherslum.



Tillögurnar sem fara hér á eftir hafa margþættan tilgang, m.a. að:



Stefna Kópavogsbæjar

Tillögur vinnuhóps
tengjast beint
stefnu
Kópavogsbæjar til
ársins 2030

Framtíðarsýn til 2030

“Kópavogur er bær þar sem veitt er framúrskarandi þjónusta og fólk og fyrirtæki sækjast eftir að búa í og starfa. Kópavogsbær er borgarsamfélag í nánum tengslum við náttúruna enda sýnir bærinn umhverfislega og samfélagslega ábyrgð. Í Kópavogi eru skólar í fremstu röð og vel hugað að líðan, heilsu og velferð íbúa á öllum aldri. Kópavogur er samfélag sem byggir á lýðræðislegum ákvörðunum þar sem íbúarnir hafa áhrif á eigin mál. Kópavogsbær er rekinn af ráðdeild þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni og skilvirkni. Kópavogur er í fararbroddi í nýsköpun og tileinkar sér tækninýjungar í starfsemi sinni.”

Gildi sem eru leiðarljósir í allri starfsemi bæjarfélagsins, eru:

Umhyggja

Framsækni

Virðing

Heiðarleiki

Stefnumarkandi áætlanir verða mótaðar í eftirfarandi málaflokkum:

- Lýðheilsa
- Skipulags- og umhverfismál
- Loftslagsmál
- Málefni barna og fjölskyldna
- Lýðræði

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Stefna Kópavogsbæjar til ársins 2030 leggur áherslu á 36 undirmarkmið Heimsmarkmiðanna. Markmiðin voru höfð til hliðsjónar við mótun og útfærslu tillagnanna. Þannig er gerð grein fyrir því í hverri tillögu til hvaða markmiða er horft. Sérstaklega er horft til eftirfarandi markmiða:

- ✓ 3 Heilsa og vellíðan
- ✓ 4 Menntun fyrir alla
- ✓ 5 Jafnrétti kynjanna
- ✓ 8 Góð atvinna og hagvöxtur
- ✓ 9 Nýsköpun og uppbygging
- ✓ 10 Aukinn jöfnuður
- ✓ 11 Sjálfbærar borgir og samfélög
- ✓ 16 Friður og Réttlæti
- ✓ 17 Samvinna um markmiðin



Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Kópavogur, í samstarfi við UNICEF, er að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í starf bæjarins. Barnasáttmálinn gildir fyrir öll börn frá fæðingu til 18 ára aldurs. Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Í honum er kveðið á um rétt barna til að lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður. Þá skal veita börnum tækifæri til að tjá sig og að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Við gerð tillagna vinnuhóps var litið til Barnasáttmálans og einstakra greina hans.



Tillögur vinnuhóps

Tillögur vinnuhóps taka til fjölmargra og ólíkra þátta í starfsemi bæjarins. Í ljósi þess hversu víðtæk þjónusta við ungt fólk er taka tillögurnar til starfsemi allra sviða stjórnsýslunnar og fjölmargra undirstofnana þeirra.

1. Molinn
Ungmennahús –
stefna og
áherslur

3. Aðgengi að
heildstæðri
ráðgjöf og
stuðningi

5. Tækifæri til
atvinnu- og
starfsþjálfunar

7. Aðgengi að
gögnum um
heilsu, líðan og
stöðu ungs fólks

2. Húsnæði til
sköpunar

4. Virkt ungt
fólk

6. Stuðningur
við einstaka
hópa

TILLAGA 1:

Molinn Ungmennahús – stefna og áherslur

Yfirmarkmið

Stuðla að innihaldsríkri og víðtækri starfsemi sem miðar að því að vinna með og rækta hæfileika ungs fólks og mæta þörfum þess fyrir aðstöðu til afþreyingar, félagsstarfs, skapandi verkefna og starfa. Veita þeim aðgengi að ráðgjöf og stuðningsþjónustu sem miðar að sjálfs- og valdeflingu og bættri andlegri líðan.



Markmið 1: *Sett verði fram stefnumarkandi áætlun og áherslur fyrir starfsemi Molans til 2030.*

Leiðir að markmiði:

#Drög að stefnumarkandi áætlun um starfsemi og áherslur í starfi Molans verði lögð fyrir menntaráð. Stefnan verði endurskoðuð á 3 ára fresti.

#Mótaðir verði verkferlar um framkvæmd og eftirfylgni starfseminnar og einstakra verkefna.

#Að komið verði á samstarfi við aðrar stofnanir bæjarins, félagasamtök, framhalds- og háskóla, fyrirtækja, fagaðila og aðra við framkvæmd ólíkra verkefna og þjónustu.

#Mælikvarðar verðir þróaðir til að meta árangur af starfi Molans. Þeir verði hluti af árlegri starfs- og umbótaáætlun Molans.

Markmið 2: *Fjárframlög til Molans verði endurskoðuð við gerð næstu fjárhagsáætlunar með tilliti til nýrra áherslna*

Leiðir að markmiði:

#Bæjarstjórn endurskoði reglubundið fjárframlög til starfsemi Molans og annarra stofnana bæjarins sem koma að samstarfi um framkvæmd einstakra verkefna.

#Bæjarstjórn veiti fjármagni í annað starf, s.s. skapandi störf að vetri, virkniúrræði og fleira sem styður við starfsemi Molans.

MOLINN Stefnumarkandi áætlun

Rekstur Molans Ungmennahúss er liður í stefnu Kópavogs til 2030 sem miðar að því að efla virkni ungs fólk í samfélaginu og lýðræðispáttöku, bæta líðan og heilsu og örva nýsköpun. Starfsemin tekur til páttöku í æskulýðsstarfi, afþreyingu, íþróttum, listum, menningu og nýsköpun, heilbrigði og öryggi, menntamála og atvinnumála ungs fólks á aldrinum 16-25 ára í Kópavogi.

MARKMIÐSLÝSING:

Molinn ungmennahús veitir fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að rækta hæfileika sína og koma hugmyndum og nýsköpunarverkefnum í framkvæmd. Molinn er miðstöð ungs fólks í Kópavogi og starfsemin endurspeglar menningu þeirra á hverjum tíma. Í Molanum fær ungt fólk tækifæri til að mynda félagsleg tengsl og safna félagsauði til undirbúnings fyrir fjölmörg hlutverk í lífinu, s.s. með öflun reynslu á sviði lista- og menningar, skapandi starfa og með páttöku í hópastarfi. Innan Molans er hægt að nálgast upplýsingar og fá ráðgjöf og stuðning um andleg, líkamleg, félagsleg og lífstengd málefni, sem eru veitt í samstarfi við aðrar stofnanir bæjarfélagsins, fagaðila og félagasamtök. Molinn er einnig vettvangur fyrir ráðgjöf tengda námi, atvinnu, starfspjálfun og fjármálum.

Molinn Áhersla 1: Ráðgjafar- og stuðningsþjónusta

Að Molinn verði miðstöð upplýsinga um þá ráðgjafar- og stuðningsþjónustu fyrir ungt fólk sem er í boði á vegum Kópavogsbæjar, ríkis, félagasamtaka og fagaðila og taki þátt í gerð og miðlun upplýsinga um hin ýmsu svið lífsins og veiti fyrsta stigs forvarnarráðgjöf.



Markmið 1: Aðgengi að upplýsingum um úrræði varðandi sálrænan og félagslegan stuðning, fjármál og atvinnu

Leiðir að markmiði

#Þróun nýrrar upplýsingagáttar Molans fyrir ungt fólk, foreldra og aðila sem vinnur að málefnum ungs fólks.

#Gerð verði kynningaráætlun um þjónustu fyrir 16 ára og eldri og hún kynnt forráðamönnum/foreldrum unglunga í 10.bekk í grunnskólum.

Markmið 2: Ungt fólk 16-25 ára hafi greiðan aðgang að upplýsingum og fræðslu um ólík svið lífsins og ráðgjöf á rafrænu formi

Leiðir að markmiði

#Kópavogsbær leiti eftir samstarfi við Reykjavíkurborg um áframhaldandi þróun Áttavitans upplýsingagáttar Hins Hússins, með árlegu fjárframlagi og með þátttöku starfsmanna Molans í ritun greina og rafrænni ráðgjöf.

Markmið 3: Gott aðgengi að starfsfólki Molans varðandi fyrsta stigs forvarnarráðgjöf

Leiðir að markmiði:

#Starfsfólk Molans skilgreini þjónustuframboð varðandi ráðgjöf og setji fram verkferla.

Áhersla 2: Fræðslu, forvarnar- og tómstundastarf

Að Molinn stuðli markvisst að þekkingarmiðlun í gegnum öflugt fræðslustarf og standi fyrir fjölbreyttu tómstunda- og forvarnarstarfi, ýmist sjálf eða í gegnum jafningjafræðslu eða í samstarfi við fagaðila.



Markmið 1: Reglubundið fræðslu- og námskeiðahald til að efla þekkingu, forvarnir og valdefla ungt fólk í gegnum óformlegt nám

Leiðir að markmiði

- # Heildstæð fræðslu- og námskeiðadagskrá sett upp fyrir hvert starfsár.
- # Fræðsluframboð auglýst á miðlum sem ungt fólk notar, s.s. Instagram, YouTube, MK.
- # Fagfólk/áhrifavaldar aðstoði við umsjón fræðslu eða námskeiða og við auglýsingar.

Markmið 2: Mat á hæfni í gegnum þátttöku í starfi Molans

Leiðir að markmiði

- # LifeQuest appið sem heldur utanum þátttöku og mat á óformlegu námi í gegnum æskulýðsstarf verði komið í gagnið hjá Molanum.

Markmið 3: Fjölbreytni í hópastarfi með áherslu á heilbrigðan lífsstíl

Leiðir að markmiði

- # Ungu fólki verði tryggt aðgengi að íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar 2-6 klst. í viku.
- # **TUFF-Kópavogur**. Ungu fólki 16+ verði gefið tækifæri á að prófa íþrótt sér að kostnaðarlausu í 3 mánuði.
- # Stofnaður verði **útvistarhópur** í samstarfi við útvistarfélag með það að markmiði að örva áhuga á ferðalögum, lýðheilsu og heilbrigðum og uppbyggilegum félagskap.
- # Sértekt hópastarf og sumarvinna, fyrir félagslega einangrað ungt fólk þróað í samstarfi mennta- og velferðarsviðs og vinnuskólann.
- # Sértekt úrræði fyrir ungt **fólk af erlendum uppruna** til að tengja þau betur við samfélagið í Kópavogi og stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Verkefnið „Velkomin-Samfélag þar sem allir eiga heima,, verði gert aðgengilegt fyrir 16 ára og eldri.

Áhersla 3: Lista-, menningar- og nýsköpunarmiðstöð

Að veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og þróa listsköpun sína. Lögð verði áhersla á sjálfbærni í öllu list- og sköpunarstarfi.



Markmið 1: *Fjölga tækifærum til þátttöku í skapandi starfi*

Leiðir að markmiði

Aðgengi að launuðum skapandi verkefnum tryggð yfir vetrarmánuði. Sérstök áhersla á ungt fólk sem er hvorki í skóla né vinnu. Verkefni þróað í samstarfi við menntasvið, umhverfis- og skipulagssvið, menningarstofnanir og nýsköpunarfyrirtæki.

Markmið 2: *Markvisst samstarf við stofnanir, félagasamtök og fagaðila um aðgengi að aðstöðu og stuðning við framkvæmd verkefna*

Leiðir að markmiði

Skilgreind verði samstarfsverkefni við menningarstofnanir Kópavogs (s.s. varðandi safnanótt, Skapandi sumarstörf og Vegglist) og aðgengi ungs fólks að aðstöðu menningarstofnana tryggð.

Komið verði á fót samstarfi við félagasamtök, s.s. Leikfélag Kópavogs og Myndlistaskólann í Kópavogi varðandi námskeiðahald, fræðslu og aðgengi að aðstöðu.

Skoðað verði að bæta aðstöðu til hljómsveitaæfinga og tónlistarsköpunar í samstarfi við mennta-, umhverfis- og skipulagssvið.


Aðgengi að vélbúnaði til að vinna að viðgerðum (s.s. á bílum) eða í skapandi starfi (s.s. gerð skúlptúra). Leitað verði eftir samstarfi við Fjölsmiðjuna um aðgengi að aðstöðu í húsnæði þeirra og kostnaður metinn.

TILLAGA 2

Húsnæði til sköpunar

Yfirmarkmið

Aðstaða til fjölbreyttrar list-, menningar- og nýsköpunar ungs fólks verði tryggð í Kópavogi. Aðstaðan rúmi fjölbreytt list- og nýsköpunarstarf, starfsþjálfunarúrræði, félags- og æskulýðsstarf og aðstöðu til náms og fræðslu.



Markmið 1: *Ný aðstaða til þróunar hugmynda, list- og nýsköpunar ungs fólks*

Leiðir að markmiði

Settur verði á fót starfshópur bæjarstjórnar sem skoði möguleika á framtíðarhúsnæði fyrir Molann sem rúmar öll starfssvið starfseminnar (sjá Tillögu 1 um stefnu og starfssvið Molans).

Haft verði að leiðarljósi að virkja ungt fólk til þátttöku á öllum stigum vinnunnar (Ungmennaráð, húsráð ungmennahúss, nemendaráð MK).

Starfshópurinn skoði enn fremur mögulegt samstarf við menntastofnanir, s.s. Listaháskóla Íslands og Tækniskólann með hliðsjón af nýtingu húsnæðis til kennslu (útibú frá skólum).

TILLAGA 3

Aðgengi að heildstæðri ráðgjöf og stuðningi

Yfirmarkmið

Að komið verði á fót heildstæðri ráðgjafar- og stuðningsþjónustu um úrræði Kópavogsbæjar, ríkis, félagasamtaka og fagaðila, varðandi andlega og líkamlega heilsu, nám, atvinnu og fjármál. Ráðgjöfin og stuðningur tryggi heildræna sýn á vandamál og áskoranir ungs fólks og að henni sinni þverfaglegt teymi starfsfólks ólíkra sviða í samstarfi við sérfræðinga MK, Heilsugæslu, HI, félagasamtaka og fagaðila.



Markmið 1: *Mótuð verði heildstæð ráðgjafar- og stuðningsþjónusta*

Leiðir að markmiði:

Samstarfshópur mennta- og velferðarsviðs, Heilsugæslu, MK o.fl. aðila vinni tillögu að leiðum til að tryggja eðlilegt framhald ráðgjafar- og stuðningsþjónustu sem er til staðar fyrir börn 0 -16 ára (snemmtæk íhlutun) fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára.

Mótuð verði heildstæð ráðgjafar- og stuðningsþjónusta fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára um andlega og líkamlega heilsu, nám, atvinnu og fjármál.

Markmið 1: *Aðgengi að sálfræðitengdri ráðgjöf verði aukið*

Leiðir að markmiði:

Tilraunaverkefni verði sett á laggirnar til að auka aðgengi ungs fólks að sálfræðitengdri ráðgjöf. Verkefni taki mið af því að nýta sálfræðinga eða aðra fagaðila sem starfa hjá bænum eða í MK. Horft verði til þess að nýta upplýsingatækni, s.s. Kara Connect.

Markmið 3: *Upplýsingagjöf um ráðgjöf og stuðning verði efl*

Leiðir að markmiði:

Ný heimasíða Molans veiti upplýsingar um ráðgjafar- og stuðningsþjónustu bæjarins og annarra aðila, s.s. félagasamtaka.

Nýbúar 16-25 ára fái sent bréf með upplýsingum um þjónustu og hvernig hægt er að nálgast hana. Samstarfsverkefni stjórnsýslu-, velferðar- og menntasviðs.

TILLAGA 4

Virkt ungt fólk

Yfirmarkmið

Stuðla að því að ákvarðanir er varða aðstöðu og þjónustu við ungt fólk verði teknar í samráði við ungt fólk og taki mið af þörfum þeirra. Horft verði til þess að virkja ungt fólk meira í upplýsingamiðlun um þjónustuframboð í framkvæmd verkefna og viðburða, s.s. tengdum menningu og listum, og verkefnum sem sem snúa að þróun sjálfbærni.



Markmið 1: *Ungt fólk verði virkjað til að kynna þjónustu fyrir ungt fólk*

Leiðir að markmiði

Ungt fólk verði virkjað til að sinna jafningjafræðslu um aðstöðu og þjónustu bæjarins.

Leitað verði eftir endurgjöf frá ungu fólki vegna breytinga á þjónustu eða við mótun nýrrar þjónustu.

Komið verði upp sérstöku svæði á Okkar Kópavogur fyrir ungt fólk.

Útbúið verði verkferli innan stjórnsýslu um samstarfsfleti við ungt fólk 16-25 ára.

Markmið 2: *Fjölga tækifærum fyrir ungt fólk til að taka þátt í að skipuleggja menningartengda viðburði*

Leiðir að markmiði,

Starfsfólk menntasviðs, menningarmála, íbúatengsla og Molans skoði leiðir til að auka þátttöku ungs fólks í skipulagningu viðburða sem eiga að höfða til þeirra og til að móta hugmyndir að nýjum verkefnum/viðburðum.

Deildarstjóri frístundadeildar og forstöðumaður menningarstofnana skoði flöt á samvinnu milli menningarstofnana og félagsmiðstöðva í því miði að byrja að virkja börn og þá sem starfa með börnum í félagsstarfi fyrr inn í lista- og menningarstarf.

Markmið 3: *Listsköpun ungs fólks verði styrkt*

Leiðir að markmiði

Lista- og menningarráð skoði að eyrnamerkja fjármagn árlega úr menningar- og listasjóði Kópavogs til að styðja við listsköpun ungs fólks. Samstarf verði við Molann og Ungmennaráð um mat og val á verkefnum.

TILLAGA 5

Tækifæri til atvinnu- og starfsþjálfunar

Yfirmarkmið

Ungu fólki verðir tryggður aðgangur að mótun og framkvæmd nýsköpunarverkefna innan stofnana og stjórnsýslu og að tækifærum til atvinnu og starfsþjálfunar innan stofnana bæjarins verði fjölgað. Horft verði sérstaklega til þess að tryggja markviss virkniúrræði fyrir ólíka hópa.



Markmið 1: *Fjölga skapandi störfum fyrir ungt fólk*

Leiðir að markmiði

Starfshópur allra sviða undir forystu verkefnisstjóra Vinnuskóla greini núverandi atvinnu- og starfsþjálfunarúrræði og komi með tillögur um úrræði sem ná yfir allt árið. Ahersla verði á að tengja saman núverandi og ný úrræði, opna aðgengi ungs fólks að fleiri störfum og starfsþjálfunartækifærum innan stofnana. Jafnframt að efla samstarf starfsfólks sem kemur að málefnum ungs fólks sem er félagslega einangrað, eru hvorki í skóla né vinnu, glíma við atvinnuleysi eða búa við annan vanda.

Markmið 2: *Sett verði upp miðlæg gátt innan stjórnsýslunnar til að auglýsa verkefni/störf sem ólík svið þurfa aðstoð við*

Leiðir að markmiði

Sett verði upp opin miðlæg gátt þar sem starfsmenn geta auglýst reglubundið eftir starfskröftum í verkefni (launað eða starfsþjálfun).

Komið verið á samstarfi við grunnskóla, MK, Fjölsmiðjuna, Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Tækniskólann um starfsþjálfunartækifæri eða til að sinna upplýsingagjöf til ungs fólks.

Horft verði til þess að Kópavogsbær sækir árlega (umsóknarfrestur í febrúar) um styrki úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að sinna þróunar- og nýsköpunarverkefnum á ólíkum sviðum stjórnsýslu. Sett verði markmið um fjölda umsókna árlega.

TILLAGA 6

Stuðningur við einstaka hópa

Yfirmarkmið

Markvisst verði unnið með ólíka hópa ungs fólks á aldrinum 16-25 ára sem standa höllum fæti til að tryggja allir íbúar Kópavogs fái tækifæri til að uppgötva og rækta hæfileika sína og öðlast nauðsynlega þekkingu og færni til að takast á við líf og störf.



Markmið 1: *Virkniúrræði og þjónusta ungt fólk sem hvorki er í vinnu né í skóla (NEET) verði aukin*

Leiðir að markmiði:

Mennta- og velferðarsviðs stofni samstarfshóp til að fylgja eftir ungmennum sem a) eru í skólaforðun í grunnskóla og b) fara ekki í framhaldsskóla að loknum grunnskóla. Mótaðar verði leiðir til ná til hópans sem og sértæk virkniúrræði.

Markmið 2: *Ungt fólk með skilgreinda fötlun hafi aðgengi að frístundaþjónustu upp að 20 aldri*

Leiðir að markmiði

Sviðstjórar mennta- og velferðarsviðs í samvinnu við deildarstjóra málefna fatlaðra og frístundadeildar, skoði leiðir til að bjóða upp á frístundaþjónustu fyrir markhópa. Hugað verði að hentugu húsnæði og ítarlegt kostnaðarmat framkvæmt og fjárhagslegur og samfélagslegur ávinningur metinn.

Markmið 3: *Markviss vinna með félagslega einangruðu ungu fólki*

Leiðir að markmiði

Mennta- og velferðarsvið, grunnskólar og félagsmiðstöðvar skoði sameiginlega hvernig má finna og halda betur utanum ungt fólk sem er félagslega einangrað við lok grunnskóla. Horft verði til þess að móta sértæk úrræði, s.s. sumarvinna og hópastarf í Molanum.

TILLAGA 7

Aðgengi að gögnum
um heilsu, líðan og
stöðu ungs fólks

Yfirmarkmið

Mikilvægt er að veita fagfólki, starfsfólki og öðrum sem vinna að málefnum ungs fólks aðgang að vönduðum gögnum þannig að hægt sé að beita gagnreyndum upplýsingum til að bæta hag, líðan og aðbúnað ungs fólks.



Markmið 1: Auka aðgengi að gögnum um líðan, heilsu, skólagöngu, atvinnu(-leysi) ungs fólks í því miði að móta þjónustu í samræmi við þarfir

Leiðir að markmiði

Kópavogur kaupi aðgang að gögnum Rannsókna og Greininga (R&G) um Ungt fólk (framhaldsskólar) sem býr í Kópavogi.

Velferðarsvið fái reglulega gögn frá Vinnumálastofnun (VMST) um atvinnuleysi meðal ungs fólks í Kópavogi á hverjum tíma, þátttöku í úrræðum á vegum VMST. Sömuleiðis verði horft til samstarfs við VMST um ungt fólk undir 25 ára sem lendir í langtímaatvinnuleysi.

Velferðarsvið afli upplýsinga reglubundið frá Fjölsmiðjunni um nemendur úr Kópavogi. Kannað verði að gera eftirfylgnikannanir meðal þeirra sem nýta sér þjónustuna.

Fleiri upplýsingum um ungmenni 16-18 verði bætt við Mælaborð barna í Kópavogi til að tryggja betri yfirsýn yfir velferð ungmenna til 18 ára aldurs.